


**HAFNARFJÖRÐUR**

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/4 2015
Málsnr:	1504307
Bréfal:	0012

Alþingi – nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfirði 31. mars, 2015


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, 434. mál.**

Í 1. gr. í ofangreindu máli er gert ráð fyrir að ráðherra hafi almenna heimild til að ákveða aðsetur stjórnvalda er undir hann heyra, nema á annan veg sé mælt í lögum, verði endurvakin en slík heimild féll niður við endurskoðun laganna árið 2011.

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar vil ég eindregið mæla gegn þessari breytingu. Ótækt er að ráðherra geti, án aðkomu Alþingis, ákveðið að flytja stofnanir milli landshluta. Hafnarfjörður hefur á undanförnum árum orðið fyrir því að störfum á vegum ríkisins hefur fækkað verulega í bæjarfélaginu. Þessi þróun virðist ætla að halda áfram og er skemmst að minnast áforma um flutning Fiskistofu. Í því tilviki tekur viðkomandi ráðherra ákvörðun á grundvelli raka sem standast vart skoðun. Í tilvikum sem slíkum er nauðsynlegt að Alþingi sé sá aðili sem tekur ákvörðun.

Að öðru leyti gerir Hafnarfjarðarbær ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar



Kristján Sturluson  
sviðsstjóri stjórnsýslu